

Annáll 2025

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands

Kæra samstarfsfólk og velunnarar

Um leið og við óskum ykkur gæfu og gleði í upphafi árs sendum við annál um helstu verkefni Sjálfbærnistofnunar HÍ á síðastliðnu ári. Á árinu 2025 unnum við að fjölmörgum verkefnum og viðburðum um sjálfbærni innan og utan háskólans. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs á árinu 2026.

Janúarkveðjur,
Starfsfólk og stjórn Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands

Sjálfbærniskýrsla HÍ

Sjálfbærnistofnun vann að [sjálfbærniskýrslu Háskóla Íslands fyrir árið 2024](#). Þetta er í fjórða sinn sem HÍ gefur út sjálfbærniskýrslu. Aukinn þrýstingur er á háskóla að gera grein fyrir, með mælanlegum hætti, hvernig starfsemi þeirra styður við sjálfbærni og eru sjálfbærniskýrslur meðal annars notaðar við röðun háskóla á alþjóðlegum matslistum. Í skýrslunni er yfirlit yfir víðfeðmt starf HÍ út frá sjálfbærni og markar hún mikilvægt skref í átt að því að HÍ verði leiðandi á sviði sjálfbærni. Skýrslan er aðgengileg bæði á íslensku og ensku. Í ritstjórn skýrslunnar voru Hafdís Hanna Ægisdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir og Sólrún Sigurðardóttir.

Samhliða vinnu við gerð sjálfbærniskýrslu HÍ heldur Sjálfbærnistofnun áfram að þróa sjálfbærnivísa sem lúta að rannsóknum, námi og kennslu, sem og rekstri skólans.





Kortlagning á starfsemi HÍ um land allt

Sjálfbærnistofnun vann að kortlagningu á starfsemi Háskóla Íslands í samfélögum utan höfuðborgarsvæðisins. Í skýrslunni eru dregin fram dæmi um fjölbreytta starfsemi HÍ víða um land, allt frá rannsóknum og kennslu til samfélagslegs samstarfs, bæði á vegum HÍ og í samstarfi við stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og félagasamtök. Þó skýrslan sé ekki tæmandi gefur hún góða mynd af breidd, umfangi og mikilvægi þeirrar starfsemi og samstarfs sem fer fram víðs vegar um landið. Þar kemur fram að HÍ gegnir mikilvægu hlutverki í að efla þekkingu í byggðum landsins og að mikilvægt sé að styrkja bæði svæðisbundin verkefni og rannsóknar- og fræðslustarf um land allt. Skýrslan verður nýtt sem grunnur að áframhaldandi þróun og eflingu samstarfs HÍ um allt land.

Tilraunaborgir: Samstarfsverkefni með Reykjavíkurborg

Sjálfbærnistofnun tekur þátt í verkefninu Tilraunaborgir (e. *Pilot Cities*) sem leitt er af Reykjavíkurborg. Borgin er ein af 25 borgum sem hlutu styrk frá Horizon Europe til nýsköpunarverkefna í loftslagsmálum. Verkefnið, sem er til tveggja ára, hófst á haustmánuðum 2024 og styður við markmið borgarinnar um að hraða vegferð sinni í átt að kolefnishlutleysi fyrir árið 2030. Með þátttöku sinni öðlast Reykjavíkurborg stöðu "tilraunaborgar", sem ætlað er að vera fyrirmynd annarra borga í því að flýta vegferð sinni að kolefnishlutleysi með nýstárlegum lausnum og fjölbreyttum aðgerðum í loftslagsmálum. Á árinu skipulagði Sjálfbærnistofnun vinnustofu með þátttakendum í loftslagsborgarsamningi Reykjavíkurborgar og vann skýrslu á grundvelli niðurstaðna hennar. Stofnunin kom einnig að skipulagi funda með þátttakendum samningsins, þar sem Hafðís Hanna var fundarstjóri og stýrði pallborðsumræðum. Þá kom stofnunin að skipulagningu og framkvæmd rýnihópaviðtala um samgöngur og úrgangsmál í Reykjavík og vann framvinduskýrslu verkefnisins um mitt ár.



Svipmyndir frá vinnustofu í mars

Háskólamenntun til sjálfbærni

Sjálfbærnistofnun, Menntavísindasvið og nú Kennslumiðstöð unnu áfram saman að verkefninu *Háskólamenntun til sjálfbærni* árið 2025. Verkefnið miðað að því að styðja við og efla samþættingu sjálfbærni í kennsluháttum á háskólastigi. Markmiðið er að draga fram og gera sýnilega þá þekkingu og aðferðir sem nýst hafa í sjálfbærnikennslu innan HÍ, hvetja til víðtækari innleiðingar þeirra og efla þverfaglegar, samræðumiðaðar nálganir í námskrárþróun.

Í júlí 2025 var gefin út skýrsla þar sem greint var frá niðurstöðum verkefnisins frá árinu 2024 og settar fram tillögur til eflingar sjálfbærnikennslu við Háskóla Íslands. Þann 24. nóvember var haldin vinnustofa byggð á niðurstöðum verkefnisins þar sem kennarar fengu þjálfun og stuðning til að innleiða sjálfbærni í eigin kennslu og læra aðferðir sem hafa reynst vel í sjálfbærnimenntun. Stefnt er á frekari vinnustofur árið 2026. Haustið 2025 var jafnframt unnið að gerð fræðsluefnis í formi stuttra myndbanda um háskólamenntun til sjálfbærni, þar sem kennarar deila reynslu sinni að árangursríkum aðferðum. Unnið er að gerð vefsvæðis á vef Kennslumiðstöðvar þar sem efnið verður aðgengilegt, ásamt stuðningsefni fyrir kennara um sjálfbærnimenntun.



Svipmyndir frá vinnustofu í nóvember

Verkfærakista um sjálfbærni til að efla styrkumsóknir

Sjálfbærnistofnun vann að gerð verkfærakistu fyrir fræðafólk Félagsvísindasviðs í samstarfi við rannsóknarstjóra sviðsins. Verkfærakistan er hagnýtt stuðningstæki fyrir rannsakendur sem sækja um í innlenda og erlenda samkeppnissjóði þar sem sjálfbærni og heimsmarkmiðin skipta máli. Í verkfærakistunni er meðal annars að finna hagnýtar leiðbeiningar um hvernig tengja megi rannsóknir við sjálfbærni og heimsmarkmiðin, dæmi um helstu samkeppnissjóði sem fræðafólk innan HÍ sækir í, auk reynslusagna frá fræðafólki sem hefur náð góðum árangri við að samþætta sjálfbærni í sínum rannsóknum og styrkumsóknum. Verkfærakistan var gerð aðgengileg og kynnt starfsfólki Félagsvísindasviðs í mars.

HÍ og heimsmarkmiðin: Viðburðaröð og hlaðvarp

Viðburðaröðin HÍ og heimsmarkmiðin var endurvakin í árslok 2024 og hlaut styrkur úr Aldarafmællissjóði til að halda þrjá viðburði. Viðburðaröðin var haldin í samstarfi Sjálfbærnistofnunar og markaðs- og samskiptasviðs HÍ, í samvinnu við forsætisráðuneytið. Síðustu tveir viðburðirnir voru haldnir árið 2025.

Fyrri viðburðurinn fór fram 5. febrúar og beindist að heimsmarkmiði 15 um líf á landi, þar sem meðal annars var fjallað um náttúruvernd, endurheimt vistkerfa og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Fjöldi sérfræðinga tók þátt í umræðum, auk rektors HÍ og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Upptaka af fundinum er aðgengileg. Seinni viðburðurinn var haldinn 5. júní og var þá heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt í brennidepli. Þar var meðal annars fjallað um sjálfbæran hagvöxt og mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir öll. Líkt og á fyrri viðburðum tóku fjölmargir sérfræðingar þátt, auk rektors HÍ og forsætisráðherra. Upptaka af fundinum er einnig aðgengileg.

Samhliða viðburðaröðinni gefur Sjálfbærnistofnun út hlaðvarpið HÍ og heimsmarkmiðin. Árið 2025 voru birtir tveir þættir. Í þeim fyrri ræddi Hafdis Hanna við Tómas Grétar Gunnarsson og Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur um náttúruvernd og skipulagsmál. Í síðari þættinum var rætt við Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur um hagsæld, hagvöxt og tengsl þeirra við sjálfbærni. Hlaðvarpið má nálgast hér.



ARCADE

ARCADE er alþjóðlegt leiðtoganámskeið um áskoranir norðurslóða sem Rannsóknasetur um norðurslóðir við HÍ stýrir í samstarfi við Sjálfbærnistofnun HÍ, Ilisimatusarfik (Grænlandsháskóla), UiT Norges arktiske universitet í Tromsø, The Arctic Initiative við Kennedy-skólann við Harvard-háskóla og Hringborð norðurslóða (Arctic Circle). Á árinu fékk verkefnið áframhaldandi styrk úr Erasmus+ til næstu þriggja ára og var í lok árs auglýst eftir þátttakendum í námskeiðið. Jafnframt bættist Fróðskaparsetur Færeyja í samstarfið. Námskeiðið er ætlað framhaldsnemum og leggur áherslu á að efla leiðtogahæfni og þróa skapandi, þverfaglegar lausnir við áskorunum norðurslóða á tímum hraðra samfélags- og umhverfisbreytinga. ARCADE samanstendur af tveimur vikulöngum staðlotum, auk vefnámskeiða og hópverkefnis á milli lota.

Netnámskeið

Sem hluti af ARCADE-samstarfinu var á árinu boðið upp á nýtt opið og gjaldfrjálst netnámskeið, Social and Environmental Leadership in the Arctic, sem er aðgengilegt á edX. Námskeiðið fjallar um helstu áskoranir norðurslóða í samtímanum, með áherslu á loftslagsbreytingar, stjórnun, öryggismál og samfélagslega aðlögun. Sjálfbærnistofnun tók virkan þátt í þróun námskeiðsins, einkum með framlagi á sviði leiðtogafræða og sjálfbærni. Kennsla var í höndum fræðafólks frá Háskóla Íslands, UiT í Tromsø og Ilisimatusarfik á Grænlandi. Markmið námskeiðsins er að styrkja þátttakendur til áhrifa í sínum samfélögum með hagnýtum verkfærum og fræðilegri innsýn.



Svipmyndir frá upptökum á netnámskeiðnu



Umhverfisþing

Umhverfisþing 2025 var haldið af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dagana 15.–16. september 2025. Meginþemu þingsins voru hafið, líffræðileg fjölbreytni og loftslagsmál. Þingið markaði mikilvægan áfanga í stefnumótun Íslands á sviði loftslags- og náttúruverndarmála og hafði það að markmiði að skapa opinn og lýðræðislegan vettvang þar sem fjölbreyttir hagsmunaaðilar komu saman til að móta sameiginlega framtíðarsýn.

Sjálfbærnistofnun hafði umsjón með tveimur vinnustofum sem haldnar voru síðari dag þingsins. Önnur vinnustofan fjallaði um stefnu stjórnvalda í vernd líffræðilegrar fjölbreytni og hin um mótun fyrstu loftslagsstefnu Íslands. Rúmlega 170 þátttakendur skráðu sig í hvora vinnustofu fyrir sig. Í vinnustofunum var beitt aðferð hringborðsumræðna til að tryggja víðtæka þátttöku og lifandi samræður. Í kjölfarið vann Sjálfbærnistofnun samantektarskýrslu þar sem helstu niðurstöður vinnustofanna voru dregnar saman og sameiginlegar áherslur greindar. Skýrslan nýtist ráðuneytinu við áframhaldandi stefnumótun og gerð aðgerðaráætlunar.



BEFoRE – BEnefits From Restoration

BEFoRE (BEnefits From Restoration) er alþjóðlegt, þriggja ára þverfaglegt rannsóknarverkefni sem Sjálfbærnistofnun vinnur að í samstarfi við alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin International Union for Conservation of Nature (IUCN) og Háskólann í São Paulo í Brasilíu. Í íslenska hluta verkefnisins eru endurheimtarverkefni á Íslandi skoðuð með áherslu á að draga fram helstu hindranir og ávinning af endurheimt vistkerfa. Guðrún Guðjónsdóttir er doktorsnemi í verkefninu og leiðbeinendur hennar eru Thamar Heijstra, prófessor í félagsfræði við HÍ, Kristín Svavarsdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi, og Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar. BEFoRE verkefninu lauk formlega í lok árs 2025.



Mynd af BEFoRE hópnum á Íslandi

Ferð Sjálfbærnistofnunar til Cork á Írland

Dagana 12-16. maí 2025 fór starfsfólk Sjálfbærnistofnunar til borgarinnar Cork á Írlandi með styrk frá Erasmus+. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér starfsemi og sjálfbærniáherslur tveggja framsækinna háskóla í borginni, *Munster Technological University (MTU)* og *University College Cork (UCC)* sem báðir hafa lagt ríka áherslu á að innleiða sjálfbærni í allt sitt starf. Á meðan dvölinni stóð átti starfsfólk Sjálfbærnistofnunar í árangursríkum samtölum við starfsfólk og sérfræðinga innan háskólanna, þar sem rætt var um áskoranir og tækifæri í tengslum við sjálfbærni í háskólastarfi. Með heimsókninni var lögð sérstök áhersla á að öðlast innsýn í hvernig þessir háskólar nálgast sjálfbærnimál á stefnumótandi hátt og hvernig þeir hafa þróað metnaðarfulla stefnu og aðgerðaráætlun því tengdu. Móttökurnar hjá báðum háskólunum voru einstaklega góðar og ljóst að tækifæri eru fyrir frekari samstarfi.



Louise Byrne frá MTU, Hafdís Hanna, Sólrún og Ásdís Björk í heimsókn sinni í Cork

Sjálfbærnistofnun í fjölmiðlum

Heimildarþættir um NORDRESS sýndir á RÚV

Heimildarþáttaröðin Á valdi náttúruaflanna hóf göngu sína á RÚV í nóvember 2025. Í þáttunum er fjallað um hvernig norrænu ríkin takast á við ólíkar náttúruhamfarir og hvernig draga megi úr skaða og efla seiglu samfélaga gagnvart náttúruvá. Þættirnir byggja á norræna rannsóknarverkefninu NORDRESS – The Nordic Centre of Excellence on Resilience and Societal Security, sem hlaut árið 2014 styrk frá NordForsk til að koma á fót öndvegissetri um rannsóknir á öryggi samfélaga gagnvart náttúruhamförum. Setrið var hýst og stýrt af Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands (áður Stofnun Sæmundar fróða) og fór Guðrún Pétursdóttur, fyrrum forstöðumaður stofnunarinnar fyrir verkefninu, ásamt Guðrúnu heitinni Gísladóttur, prófessor í landfræði. Sjálfbærnistofnun er stolt af því að eiga rætur í NORDRESS-verkefninu, sem lagði grunn að viðtæku norrænu samstarfi á sviði öryggis og samfélagslegrar seiglu. Lesa má nánar um þættina í [viðtali við Guðrúnu Pétursdóttur á vef Háskóla Íslands](#).



Greinar og úthvarpsviðtöl

- Hafdís Hanna, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar, [skrifaði grein á Vísu](#) um stóru myndina og mikilvægi þess að við tökum sameiginlega ábyrgð og þorum að taka erfiðar ákvarðanir til að byggja örugga og heilbrigða framtíð.
- Hafdís Hanna var með pistil í þáttaröðinni [Uppástand á Rás 1](#) í febrúar þar sem hún fjallaði um orðið "aðlögun" í víðara samhengi.
- Hafdís Hanna og Halldór Björnsson, fagstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofu Íslands, ræddu stöðu loftslagsmála, möguleika Íslands til úrbóta, losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif loftslagsorðræðu í Bandaríkjunum í samtali við Björn Þorláksson [á Samstöðinni](#).

Ráðstefnur og viðburðir

HÍ og sjálfbærni: Opinn fundur með rektorsframbjóðendum

27. febrúar

Sjálfbærnistofnun, Sjálfbærninefnd Háskóla Íslands og umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ stóðu fyrir opnum fundi með rektorsframbjóðendum þar sem fjallað var um sjálfbærnimál og áherslur frambjóðenda í þeim efnum. Á fundinum svöruðu frambjóðendur meðal annars spurningunni „Hver verða forgangsverkefni þín á sviði sjálfbærni innan Háskóla Íslands?“. Fundarstjóri var Hafdís Hanna, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar.



Jöklar á hverfandi hveli - alþjóðadagur jökla

21. mars

Á Alþjóðadegi jökla, 21. mars, var haldið málþing í samstarfi Sjálfbærnistofnunar HÍ, Jöklarannsóknafélags Íslands, Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun HÍ, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félag Sameinuðu þjóðanna, Náttúruverndarstofnun, Náttúruminjasafn Íslands og Íslensku vatnafræðinefndina. Á málþinginu fluttu Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, og Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, erindi, meðal annarra. Að málþinginu loknu var boðið til opunar sýningarinnar Kynslóðir jökla í Loftskýrastöðinni. Fundarstjóri málþingsins var Hafdís Hanna, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar.



Hvers vegna er mikilvægt að rannsaka loftslag heimspekilega?

25. mars

Ole Martin Sandberg, nýdكتور við HÍ, stóð í samstarfi við Sjálfbærnistofnun HÍ fyrir málþingi sem hluta af verkefninu Climate Crisis and Affect. Á málþinginu var fjallað um heimspekilega þýðingu loftslagshugtaksins og mikilvægi þess að rannsaka loftslag í sögulegu, menningarlegu og huglægu samhengi.



Verkfærakista um sjálfbærni í styrkjasókn

28. mars

Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands og Rannsóknþjónusta Félagsvísindasviðs stóðu fyrir kynningarfundum og samtali um nýja verkfærakistu um sjálfbærni í styrkjasókn, þar sem verkfærakistan var formlega gefin út og kynnt. Nánar er fjallað um verkfærakistuna framar í annálinum.

Erindi um sjálfbærni í hnattrænu og staðbundnu samhengi

3. og 27. apríl

Hafdís Hanna hélt erindi um *Sjálfbærni í hnattrænu og staðbundnu samhengi* við tvö tilefni í apríl. Fyrst flutti hún erindi fyrir sjálfbærnihóp Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) og síðar hjá IcelandSIF, félags sem eflir þekkingu á aðferðafræði á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum og stuðlar að aukinni umræðu um slíkar fjárfestingar.



Aurora ráðstefna í París

19-22. maí

Aurora er samstarfsnet öflugra evrópskra rannsóknaháskóla sem vinna saman að því að efla kennsluþróun, rannsóknir og nýsköpun í starfsemi háskóla til að mæta brýnum samfélagslegum áskorunum. Árlegur fundur Aurora-samstarfsnetsins fór fram dagana 19.–22. maí við Université Paris-Est Créteil í París. Fjölbreyttur hópur starfsfólks og stúdenta frá aðildarháskólum netsins, þar á meðal Háskóla Íslands, kom þar saman til að efla samstarf á sviði náms, rannsókna, nýsköpunar, sjálfbærni og samfélagsáhrifa. Í fyrsta sinn var einnig haldinn Sjálfbærnifundur Aurora, þar sem aðildarháskólar deildu reynslu og árangri í sjálfbærnimálum og ræddu sameiginlegar áskoranir. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar HÍ, tók þátt í pallborðsumræðum um gildi samstarfsneta fyrir eflingu sjálfbærni í háskólastarfi. Fundurinn veitti jafnframt gott tækifæri til að meta árangur samstarfsins og móta næstu skref í átt að grænna, sjálfbærara og inngildandi háskólaumhverfi í Evrópu.



Vistspor Íslands

12. júní

Umhverfis- og auðlindafræði HÍ, Sjálfbærnistofnun HÍ og Festa – miðstöð um sjálfbærni stóðu fyrir málþingi um vistspor Íslands. Þar var fjallað um gögn og greiningar sem liggja til grundvallar mati á vistspori og framleiðni jarðarinnar, auk umfjöllunar um *Earth Overshoot Day* með sérstakri áherslu á vistspor Íslands og þær ástæður sem skýra hvers vegna það er meðal þeirra stærstu í heiminum. Einnig var rætt hvernig ríki, sveitarfélög og fyrirtæki geta nýtt vistsporsmælingar sem verkfæri til að draga úr álagi á vistkerfi jarðarinnar. Hafdís Hanna, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar, stýrði málþinginu og pallborðsumræðum.



The Contaminating Effects of Wind Industry in Sámi Cultural Environments

17. október

RIKK og Sjálfbærnistofnun Háskóla Íslands stóðu fyrir erindi Eleonora Alariesto sem bar heitið *To Hear the Sacred Mountain: The Contaminating Effects of Wind Industry in Sámi Cultural Environments* um samíska þekkingafræði, sjálfbærni og áhrif grænna umskipta á samísk samfélög. Rannsóknir Elenoru skoða m.a. félags- og efnahagslegan ójöfnuð vegna auðlindanýtingar á helgum samískum landsvæðum og áhrif grænna orkuskipta á hringrásarhagkerfi samískra samfélaga.

Frá karllægu ofbeldi til umhyggjusiðfræði: Framlag vísindafemínisma til grænnar afbrotufræði

11. desember

Dr. Cassie Pedersen, lektor í afbrotufræði og réttarfarsfræði við Federation University Australia, og Dr. Stephen Burrell, lektor í kynjafræði og afbrotufræði við University of Melbourne, héldu erindið *Frá karllægu ofbeldi til umhyggjusiðfræði: Framlag vísindafemínisma til grænnar afbrotufræði*. Í erindinu var fjallað um neikvæð áhrif manneskjunnar á hinn „meira-en-mennska“ náttúruheim með því að tengja saman græna afbrotufræði og vísindafemínisma. Viðburðurinn var haldinn í þverfræðilegu samstarfi námsbrautar í kynjafræði, Rannsóknastofu í afbrotufræði, MARK – rannsóknaseturs í fjölbreytileika og jafnrétti, Siðfræðistofnunar og Sjálfbærnistofnunar.



Ráð og nefndarseta

Rammaáætlun

Hafdís Hanna var formaður faghóps 1 um náttúru- og menningarminjar í 5. áfanga rammaáætlunar en skipunartíma 5. áfanga lauk í apríl 2025.

Festa - miðstöð um sjálfbærni

Hafdís Hanna er formlegur tengiliður HÍ við Festu, miðstöð um sjálfbærni, ásamt Fanneyju Karlsdóttur, verkefnisstjóra Aurora, og Magnúsi Diðriki Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu.

Starfsfólk

Hafdís Hanna Ægisdóttir var, líkt og síðustu ár, forstöðumaður stofnunarinnar. Með henni störfuðu í fullu starfi Ásdís Björk Gunnarsdóttir og Lára Hrönn Hlynisdóttir, verkefnisstjórar, auk Guðrún Guðjónsdóttir, doktorsnema við stofnunina. Lára Hrönn var í fæðingarorlofi hluta ársins og kom Sólrún Sigurðardóttir þá inn í 60% starf í afleysingu. Sólrún starfar jafnframt á framkvæmda- og tæknisviði HÍ.

Stjórn

Í stjórn Sjálfbærnistofnunar sitja Þorgerður Einarsdóttir, félagsvísindasviði, Sigríður Þorgeirsdóttir, hugvísindasviði, Ólafur Páll Jónsson, menntavísindasviði og jafnframt formaður stjórnar, Gunnar Þór Jóhannesson, verkfræði- og náttúruvísindasviði og Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, fyrir hönd heilbrigðisvísindasviðs.



Frá vinstri: Guðrún Guðjónsdóttir, Ásdís Björk Gunnarsdóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir og Lára Hrönn Hlynisdóttir. Á myndina vantar Sólrúnu Sigurðardóttur.

Sjálfbærnistofnun á samfélagsmiðlum

Við minnum á heimasíðu Sjálfbærnistofnunar www.sshi.hi.is og að við erum einnig á [Facebook](#) og á [LinkedIn](#).

Með ósk um gæfuríkt 2026

**Sjálfbærnistofnun
Háskóla Íslands**